



**3G Netbeinir**  
**Leiðbeiningar**  
*power to you*




# Práðlaust net á ferðinni

Huawei B260 er netbeinir sem tengist 3G neti Vodafone og má nota til að setja upp práðlaust net og deila 3G nettengingu.

Beinirinn hentar afar vel fyrir þá sem þurfa að komast í netsamband þar sem ADSL eða ljósleiðari er ekki til staðar. Hentar búnaðurinn því vel í sumarbústaði, bíla eða báta. Möguleiki er á því að tengja loftnet við beininn til að bæta 3G samband.

Í beininn er sett SIM-kort með 3G farsíma- eða netáskrift og má þá nota hann bæði fyrir net- og símaþjónustu. Ef ekki er þörf á því að geta hringt nægir 3G netþjónusta, hvort sem er áskrift eða Frelsi.




Innbyggt loftnet er í búnaðinum og tengist hann við rafmagn með spennubreyti. Aftan á beininum (frá vinstri) er takki til að skipta á milli innbyggðs og utanálggjandi loftnets, tengi fyrir utanálggjandi loftnet, USB tengi, ethernet tengi og heimasímatengi. Til að hringja í gegnum beininn þarf að nota venjulegan heimasíma sem er tengdur með símasnúru í heimasímatengið.

## Svona setur þú upp 3G netbeininn

**Fylgdu þessum skrefum til að stilla búnaðinn:**

1. Settu SIM-kortið í með því að renna út litla flípanum vinstra megin neðan á beininum.



2. Tengdu beininn við rafmagn með straumbreytinum sem fylgir og kveiktu á honum.
3. Tengdu beininn við tölvu, práðlaust eða með netsnúru í ethernet tengið (silfurlitað).
4. Opnaðu vafra og farðu á slóðina <http://192.168.1.1> sem er vefsíða beinisins.

- Veldu usertype *Admin* og settu inn lykilorðið: **admin**
- Veldu *Quick Setup* úr valmyndinni vinstra megin og smelltu á *Next* takkann fyrir miðju.
- Settu inn eftirfarandi atriði:

Profile Name:	Vodafone
Dial-up Number:	*99#
PPP User Name:	
PPP Password:	
APN:	
<input type="radio"/> Dynamic <input checked="" type="radio"/> Static	vmc.gprs.is
IP Address:	
<input checked="" type="radio"/> Dynamic <input type="radio"/> Static	

Athugið, ef nota á heimasíma (farsímaáskrift) með beininum, þá þarf að nota APN static: *gprs.is*

- Smelltu á *Next* að því loknu og settu inn PPP Dial-up settings

PPP Connection:	Auto
PPP Authentication:	CHAP+PAP

- Smelltu á *Next* að því loknu og settu inn *WLAN settings*. Velja má hvaða nafn sem er (Name (SSID)), en hafa þarf *SSID Broadcast* á *Enabled*.

Name (SSID):	Vodafone Ferda3G
SSID Broadcast:	Enabled

- Smelltu á *Next* að því loknu og veljið svo læsingu fyrir þráðlausa netið. *WEP* er einfaldasta læsingin og virkar með flestum vélum. *WPA-PSK/WPA2-PSK* er betri læsing en gæti virkað illa með eldri tölum. Veljið ykkur lykil. *WEP* notar einungis stafina ABCDEF og tölustafina 0-9.

Encryption Mode:	WEP
Network Key 1:	•••••

- Smelltu á *Next* að því loknu og þá færð þú yfirlit yfir þær stillingar sem voru settar inn. Smelltu á *Finish* og uppsetningu er þá lokið. Endurræsa þarf beininn til að þær taki gildi (halda inn rofanum í 3 sekúndur og ýta svo strax aftur á hann stutt).

Vodafone  
Skútuvogji 2  
104 Reykjavík  
Sími 1414  
vodafone.is

